

Nd.

518. Frumvarp

til laga um útvarp og birtingu veðurfregna.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Útvarpa skal veðurskeytum að minnsta kosti fjórum sinnum á sólarhring frá útvarpsstöðinni í Reykjavík. Þó má fela loftskeytastöðinni í Reykjavík að annast útsendingu veðurfregna að næturlagi, ef það þykir hagkvæmara.

2. gr.

Á stöðum, þar sem útræði er og þar sem meiri hluti íbúa héraðs eða sjávarþorps 21 árs eða eldri hefir farið þess á leit á opinberum fundi, eða með skriflegri áskorun, skulu hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sjá um að fá hæfan og áreiðanlegan mann eða konu til þess að birta og festa upp á aðgengilegum stað, svo oft sem þurfa þykir, veðurfregnir þær, sem veðurstofan gefur út og útvarpað er frá útvarpsstöðinni eða loftskeytastöðinni í Reykjavík. Þóknun fyrir birtingu veðurskeyta greiðist úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði.

3. gr.

Veðurfregnir skulu skrifaðar á þar til gerð eyðublöð, og skal festa þau upp í kassa með glerrúðu, á stað, þar sem umferð er mest, eða þar sem líklegt er, að flestir geti haft þeirra not, og skulu þau fest upp í kassann strax eftir að þau voru móttekin.

Veðurstofa Íslands leggur til og sendir ókeypis eyðublöð undir veðurfregnirnar, þegar hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn óskar þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.